

Atvinnu- og umhverfisfundur 17.september 2019 kl.16:00 í Fjölheimum

Mættir: Ingunn Jónsdóttir, Íris Grétarsdóttir, Almar Sigurðsson og Axel Einarsson, Walter Fannar Kristjánsson

- **Fyrirspurnir frá nefndinni til sveitastjórnar**

Á síðasta fundi nefndarinnar þann 19.ágúst sl varð umræða um hvernig best væri að virkja betur atvinnuþátt nefndarinnar. Til þess að sjá hvar þörfin liggur langar okkur að ath hvort til sé listi yfir þá atvinnustarfsemi sem er í hreppnum og ef ekki, hvort hægt sé að taka saman slíkan lista.

Einnig kom til umræðu á fundinum hvort sveitarfélagið hefði hug á að taka þátt í norræna strandhreinsi-deginum sem haldin verður næsta vor en ef svo á að vera þarf góðan undirbúning. Nefndin biður því sveitarstjórn að taka afstöðu til þess og ef vilji er fyrir hendi myndi nefndin þá í framhaldi fara í að skipuleggja það með starfsmönnum sveitarfélagsins og öðrum áhugasömum.

Sveitarstjórn Flóahrepps tók erindi nefndarinnar til afgreiðslu á 224. fundi sínum dags. 10.09.2019.

Eftirfarandi var bókað:

„Fyrirspurn frá Atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps

Í erindi atvinnu- og umhverfisnefndar er spurt um lista yfir atvinnurekendur í Flóahreppi og óskað eftir því að hann verði unnin sé hann ekki til. Einnig er óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar til þátttöku í „Norræna strandhreinsunardeginum“ og boðin fram aðstoð atvinnu- og umhverfisnefndar við að skipuleggja daginn ef ákvörðun verður tekin um þátttöku sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra og starfsmönnum að taka saman umbeðnar upplýsingar. Flóahreppur þakkar atvinnu- og umhverfisnefnd fyrir að vekja athygli á hreinsun strandlengjunnar. Skoðað verði að Flóahreppur taki þátt í Norrænum strandhreinsunardegi vorið 2020 í samráði við landeigendur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.“

- Næstu skref:

- Nefndin biður eftir að fá lista yfir atvinnurekendur frá sveitastjórn og mun þegar hann er tilbúin meta hvernig best er að vinna með hann áfram
- Nefndin ítrekar áhuga sinn á verkefni Strandhreinsunar þegar nær dregur vori og mun vera í sambandi við sveitastjórn varðandi það

- **Moltugerðarnámskeið -framhald frá síðasta fundi**

- Skoða það að halda moltugerðar námskeið með Gunnþór Guðfinnsson sem hefur haldið slík námskeið. Halda það eftir áramót – ath með kostnað og hvort sveitarfélagið er tilbúið að koma til móts við kostnað.
- Íris er í sambandi við hann

- **Fræðsluerindi frá Suðurlandsskógum – framhald frá síðasta fundi**

- Fá forsvarsmenn Suðurlands skóga til þess að kynna verkefnið sitt og hvernig landeigendur geti tekið þátt í því.
- Atvinnu- og umhverfisnefnd er að skipuleggja íbúafund um landshlutaverkefni í skógrækt þriðjudagskvöldið 15. október og við erum búin að taka frá litla salinn í Þingborg kl.20:00.
- Passa uppá að hafa skjávarpa
- Hafa kaffi (og kannski eitthvað með því – ath hjá Eydísi)

- Senda líka pappírspóst á alla íbúa og útbúa FB viðburð – Almar sér um
- **Fyrirspurn frá Rósu Matthíasdóttur vegna umhverfisverðlaunaskilta sem hengd eru á eða sett hjá vinningshöfum.**
 - Rósa er ósátt við útlit skiltanna, og þá sérstaklega fyrirtækjaskiltanna, og vill að keypt verði veglegri/dýrari skilti – sjá fylgiskjöl.
 - Nefndin leggur til að haldið verði áfram að vinna með rammanna eins og verið hefur á eldri skiltum og jafnframt verði haft samráð við verðlaunahafa varðandi hvaða stærð viðkomandi vill hafa á sínu skilti.
- **Önnur mál**
 - Almar ræddi umhverfisverðlaunin. Leggur til nýtt verðlaunaskjal og nýjan texta. Hugsa jafnframt um eftirfylgni varðandi fjölmiðlaumfjallanir – gera betur þar.
 - Málið verður tekið upp aftur þegar nær dregur næstu verðlauna afhendingu
- **Næsti fundur: fimmtudagurinn 24.okt kl.16:15 í Fjölheimum**

Fundi slitið kl.17:00

Jús Grétarsdóttir
Walter Fannar Kristjánsson
Alex Paul Einarsson
Anna Sýn
Ingunnur Jóns